

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi Miðholts 14-16 í Reykholti.*
Í breytingunni felst að í stað parhúss á lóðinni við Miðholt 14-16 verði heimilt að byggja eitt raðhús með fimm íbúðum á bilinu 40-80 m², þannig að heildarbyggingarmagn breytist ekki og byggingarreitur verður óbreyttur.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. mars 2016.
2. *Breyting á deiliskipulagi Miðholts 33 og 35 í Reykholti.*
Í breytingunni felst að á einbýlishúsalóðunum Miðholti nr. 33 (842 m²) og Miðholti nr. 35 (728,5 m²) verði heimilt að byggja, á hvorri lóð, eitt raðhús með þremur íbúðum á bilinu 40-100 m² þannig að heildarbyggingarmagn breytist ekki, eða skilmálar að öðru leyti, og byggingarreitir verða óbreyttir.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. mars 2016.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. maí 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. maí 2016